

Nd.

21. Frumvarp til laga

um bændaskóla.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Steingr. Steinþórsson.

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veita bændafnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekkingu til undirbúningsstöðu þeirra. Skal annar vera á Hólum i Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri i Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað rikissjóðs, og veita skólastjórnir þeim forstöðu. Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir á sviði landbúnaðarins. Sérstaklega skal leggja áherzlu á tilraunir i jarðrækt, garðrækt, kynbótum búfjár og öðru. er að búfjárrækt lýtur, þar á meðal loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að alidýraræktin á skólabúunum sé sem fjölbreytilegust, með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenskan landbúnað.

3. gr.

Í landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólanna á kostnað rikissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður i samráði við skólastjóra og fé er veitt til þess i fjárlögum.

Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla i samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvorn skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar.

Skólastjórar hafi að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækki á tveggja ára fresti um 500 kr., upp í 4400 kr.

Kennarar hafi að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækki á tveggja ára fresti um 500 kr., upp í 3800 kr.

Auk þess njóti bæði skólastjórar og kennarar ókeypis ljóss og hita. Dýrtíðaruppbót skal greiða skólastjórum og kennurum eftir sömu reglum og öðrum starfsmönnum rikisins.

Auk áður talinna launa skal greiða hvorum skóla upphæð, er svarar tveim fullum kennaralaunum. Skal þeirri fjárupphæð, eftir því sem með þarf, varið til verklegrar og bóklegrar kennslu, að því leyti sem skólastjóri og kennarar ekki geta annast hana.

Skólastjóri ræður aukakennara með samþykki landbúnaðarráðuneytisins til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða fri til utanfarar, til að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarfri ár hvert.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missira skólar. Í hvorum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari fram á tímabilinu frá 15. október til 30. apríl ár hvert.

Kennslan í yngri deild sé aðallega bókleg, en í eldri deild bæði bókleg og verkleg.

Þeim umsækjendum skólans, sem fullnægja hinum almennu inntökuskilyrðum, og að dómi skólastjóra hafa þá þekkingu, sem krafizt er fyrir inntöku í eldri deild skólans, skal leyft að sleppa yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum og koma að vorlagi til hans.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

- a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.
- b. Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti eitt sumar í sveit eftir að hann varð 14 ára.
- c. Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður.
- d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum og land- og hallamælingar.

Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjár- og jarðræktarfræði. Verklega kennslan fari aðallega fram á skólabúunum sumarið á milli námsvetrunna og að nokkru leyti síðari veturinn.

Kennd skulu sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, nýyrkja, heyskapur og uppskeruvinna. Ennfremur akuryrkja með sáðskiptiræktun.

Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þeirra búfjártegunda (alidýra), sem á búunum eru, undir stjórn og tilsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum, með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuáðferðir, er komi hændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annarsstaðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástæðna, að vera heima, en próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Í báðum deildum skal

ennfremur kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), landmælingar, steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum, eða öðrum stöðum, þar sem verklega kennslan fer fram, fá nemendur fæði og þjónustu tvö seinni missirin, án sérstaks endurgjalds. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 9. málsg., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Skólastjóri skal sjá um, að nemendur skólans fái fæði og þjónustu á skólabúinu með kostnaðarverði.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændafni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarféлага, forðagæzlumanna, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið, til að kenna matreiðslu og geymslu garðávaxta og annara íslenzkra fæðutegunda.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1937.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi að tilhlutun landbúnaðarráðherra, er lét undirbúa það. Frumv. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Allar menningarþjóðir hafa fyrir löngu viðurkennt, að þekking og dugnaður þegnanna í atvinnuvegum þjóðanna sé undirstaðan undir menningarlegri og fjárhagslegri afkomu þeirra.

Beztu menn Íslendinga á 18. og 19. öld bentu á sem eitt helzta ráð til bjargar og viðreisnar, að kunnátta landsmanna í búnaðarstörfum og öðrum verklegum efnum yrði bætt frá því sem var. Þessir menn sáu ennfremur, að Íslendingar stóðu langt að baki öðrum þjóðum í öllu, er viðkom landbúnaði. Úr þessu var þó reynt að bæta með því að flytja inn útlenda bændur til búsetu hér á landi og senda Íslendinga til útlanda til að læra landbúnað. Árangurinn af starfi og búsetu útlendinganna hér á landi varð mjög lítil.

Um miðja 19. öld koma fram raddir um stofnun búnaðarskóla hér á landi. Þá höfðu um nokkurra ára skeið verið starfræktir búnaðarskólar í flestum löndum Norðurlálfunnar.

Árið 1853 sendir Alþingi konungi tilmæli um að koma á fót einum búnaðarskóla á Íslandi. Fyrir Alþingi vakti, að skóli þessi yrði það fullkominn, að þar væri bæði hægt að veita bóklega og verklega kennslu. Úr framkvæmdum í þessu skólamáli verður þó ekkert verulegt fyrr en með stofnun búnaðarskólans í Ólafsdal 1880. Síðar eru hinir skólarnir þrír, á Hólum, Eiðum og Hvanneyri, stofnaðir á árunum til 1890. Námstíminn á skólunum var tvö ár, og kennslan bæði bókleg og verkleg. Þetta fyrirkomulag helzt að miklu leyti fram yfir aldamót, en þá er gerð gagngerð breyting á kennslufyrirkomulagi skólanna, verklega námið afnumið sem skyldunám og skólarnir eingöngu látnir starfa að vetrinum; námstíminn var tveir vetur.

Árangurinn af starfi skólanna undir þessu fyrsta fyrirkomulagi var á ýmsan hátt glæsilegur; mestar breytingar til bóta urðu á verklega sviðinu. Með þeim mönnum, er komu frá skólunum, breiddist út þekking meðal bænda um hagnýtari vinnuáðferðir og notkun nýrra verkfæra. Þrátt fyrir þennan árangur áttu skólarnir við ýmsa erfiðleika að stríða, afleitan fjárhag, lélegar byggingar og litinn verkfærakost. Ennfremur var á þessum árum slæmt árferði og erfiður fjárhagur hjá bændastéttinni. Þau verkefni, sem skólarnir tóku upp þegar þeir voru stofnaðir, voru nýjungar, sem tiltölulega fljótt urðu eign almennings. En þegar frá leið, höfðu skólarnir ekki kraft til að taka upp ný óþekkt verkefni, og af þeim orsökum voru þeir ekki lengur brautryðjendur, er leið að aldamótum. Þessar ástæður munu hafa átt sinn þátt í því að draga allverulega úr aðsókn til skólanna, sem var orðin mjög lítil um aldamót.

Með breytingunni, sem gerð var á bændaskólunum eftir aldamótin, færast nýtt líf í skólastarfseminu, nýir áhugasamir menn koma að skólunum og aðsókn að þeim jókst stórum. Þessi breyting var fyrst og fremst að þakka forstöðumönnum þeirra, bættum kennslukröftum og vaxandi áhuga almennings fyrir skólamenntun.

Þeir menn, er komu frá skólunum á þessu tímabili, höfðu góða bóklega þekkingu á verkefnum landbúnaðarins, og á því sviði voru þeir fyllilega sambærilegir við búfræðinga nágrannalandanna. Aftur á móti var hin verklega kunnátta búfræðinga okkar mjög lítil, og oft og tíðum alls engin. Af þessu misræmi í menntun þeirra stafaði, að þeir höfðu margir hverjir, þegar þeir þurftu að fara að starfa að verklegum framkvæmdum, lítil not af sínu búnaðarnámi. Enda hafa margir íslenskir búfræðingar verið í litlu álitu, sérstaklega af því, hversu lítið meira þeir kunnu af verklegum störfum en þeir bændur, er ekki höfðu gengið á búnaðarskóla. Þetta hefir verið almennt viðurkennt fyrir löngu, og oft komið fram raddir um það, að nauðsyn væri að taka upp viðtækari verklega kennslu við skólana.

Árið 1930 er gerð skipulagsbreyting á kennslufyrirkomlagi skólanna. Þá er nemendum gert að skyldu að stunda í það minnsta 8 vikna verklegt nám, vor og haust. Þessi breyting var spor í rétta átt, en alls ekki fullnægjandi; t. d. var ekki gert ráð fyrir neinu verklegu námi í búfjárhirðingu, en það verður að teljast mjög þýðingarmikið atriði í búnaði okkar. Sömuleiðis verður að teljast óheppilegt að slíta verklega námið í sundur, svo að nemendur geti ekki fylgzt með og tekið þátt í

hirðingu garða og akra allan vaxtartíma nytjajurtanna. Ennfremur verður að teljast nauðsynlegt, að bændaefni kynnist meðferð og notkun heyyvinnuverkfæra og heyyverkunaraðferðum, en það er eigi hægt nema verklega námið sé stundað allt sumarið.

Á síðastliðnum áratug hefir viðhorfið í íslenskum búnaðarmálum breytt mjög mikið. Nýjar búnaðargreinar hafa komið fram og þær eldri tekið nokkrum breytingum. Byrjað hefir verið á kornyrkju víðsvegar um land, en víða stendur þekkingarleysi þeirra, sem þetta reyna, í vegi fyrir bærilegum árangri.

Garðrækt, sérstaklega kartöflurækt, hefir aukizt, og er mikill áhugi fyrir framkvæmdum á því sviði. En til þess að árangurinn af þessari fjölbreyttari ræktun verði nokkurnveginn árviss, þá er það fyrst og fremst verkleg kunnátta í þessum efnum, sem bændur verða að hafa. Sama er að segja um notkun hesta við hín ýmsu búnaðarstörf. Hvað þessu atriði viðvíkur, þá stöndum við á mjög lágu menningarstigi og langt að baki öðrum þjóðum. Hjá okkur er hestanotkunin við bústörfin allt of lítil, og er það án efa einhver veigamesta orsök til þess, að landbúnaðurinn er eins arðlítill og raun ber vitni um. Á þessu sviði eru því miklir möguleikar ónotaðir, og er ekki nema sjálfsagt, að bændaskólarnir verði hér brautryðjendur og kenni þeim mönnum, er þá sækja, rækilega meðferð og notkun hesta, en þetta er ekki hægt nema með allöngu verklegu námi, sem þarf helzt að vera árlangt.

Margt er það fleira, er mætti nefna, sem krefur, að verklega námið sé yfir allt sumarið, t. d. sáðskiptiræktun. Sé verklega námið slitið sundur að sumrinu, tapa nemendur ýmsum mjög þýðingarmiklum atriðum í hirðingu nytjajurtanna og uppskeruvinnunni, sem skiptir miklu máli.

Heyskaparaðferðir okkar eru úreltar og seinvirkar og hafa lítið breytt og ekki fylgzt með þeim framförum, er orðið hafa í grasrækt hér á landi síðustu árin. Þörf er því engu síður á verklegri kennslu í hagnýtum heyskaparaðferðum heldur en í jarðræktarstörfum. Sama er að segja um heyyvinnuaðferðir; t. d. hefir votheysgerð langt frá náð þeirri útbreiðslu, sem vera ætti, og hjá mörgum, sem reynt hafa þessa heyyverkunaraðferð, hefir hún mistekizt vegna skorts á verklegri kunnáttu.

Viðvíkjandi verkstjórn og skipulagningu búnaðarvinnunnar stöndum við Íslendingar mjög höllum fæti. Það er ekki sama, hvornig vinnan er framkvæmd. Vinnukostnaðurinn er hjá flestum aðalútgjaldaliðurinn við framleiðsluna. Það hefir því mjög mikla fjárhagslega þýðingu fyrir bændur, að vinnan sé notuð á sem hagnýtastan hátt. Með lengra verklegu námi en verið hefir geta bændaskólarnir veitt nemendum sínum frekari æfingu í verkstjórn og skipulagningu landbúnaðarvinnu.

Eins og fyrr er getið, hefir nú um langt skeið ekki verið kennd nein verkleg búfjárhirðing á búnaðarskólunum. Verður það að teljast ófullnægandi fyrir búfræðinga okkar, að hafa ekki fengið tilsögn í verklegri hirðingu búfjártegundanna. Margir af þeim, sem sækja námið í skólana, hafa ekki komið nærri hirðingu búfjár, og sumir aðeins hirt eina búfjártegund, enda er ástandið í flestum sveitum landsins almennt slæmt hvað snertir hirðingu og meðferð búfjár. Kveður svo rammt að þessu, að afurðir búanna verða miklu minni en þær gætu orðið og ættu að vera, ef þekking landsmanna væri betri á þessu sviði. Það er því ekki nema eðlileg og sjálfsögð krafa, að bændaskólarnir geri tilraun til að bæta úr þessu, með því að taka upp kennslu í búfjárhirðingu. Á síðustu árum hafa breiðzt nokkuð út búfjártegundir, svo sem alifuglar, svín og refir, og má búast við frekari útbreiðslu og fjölgun þessara tegunda, en þar sem meðferð og hirðing þeirra er vandasöm, er hætt á meiri og minni mistökum, nema bætt sé úr þekkingarleysi manna á þessum atriðum. Einnig má í sambandi við kennslu í búfjárhirðingu brýna fyrir nemendum þýðingu og gildi kynbóta, og gefa þeim nokkra æfingu í að velja góð kynbótadýr, eftir ætt, ytra útliti og afkvæmum.

Sú kunnátta, sem er handfest undir verklegum athöfnum, verður haldbezt og kemur að mestu gagni í lífinu. Um leið og verkleg kennsla er tekin upp í búfjár-

hirðingu verður óhjákvæmilega að draga eitthvað úr þeirri bóklegu kennslu, sem verið hefir við skólana undanfarið, en það verður að gera það í þeim námsgreinum, sem sýnilega koma bændum að minnstum notum í daglegum störfum þeirra.

Þá verður ekki hjá því komið að bæta við nýjum liðum í hina bóklegu fræðslu, t. d. um refarækt, svín, kornrækt o. s. frv. Ætti því hin bóklega fræðsla skólanna í framtíðinni, engu síður en hingað til, að geta búið bændaeftni undir lífsstarf sitt, og einmitt frekar nú, þar sem ætlazt er til, að verklega kennslan aukist að mun frá því sem var, því almennt er viðurkennt, að bókleg fræðsla í verklegum eignum komi því aðeins að fullum notum, að hugur og hönd fylgist að.

Um 1. gr.

Með þessari grein er átt við, að þessir tveir bændaskólar fái rétt til að veita sérmenntun í búnaði.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að á skólastöðunum sé rekinn fjölbreyttur búskapur til stuðnings við kennsluna, sérstaklega verklega námið. Það er því mjög þýðingarmikið, að bú þessi séu fjölbreytt, bæði í jarðyrkju og búfjárrækt. Þá þarf á búunum að gera hagnýtar tilraunir í jarðrækt og kynbótum búfjár.

Séu búin starfrækt á þessum grundvelli, má alltaf búast við, að þau geti ekki að öllu leyti borið uppi kostnaðinn við búreksturinn. Af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt, að ríkið hlaupi undir bagga á einn eða annan hátt.

Milli skólans og búans er náið samstarf, og búið mikið notað í þarfir kennslunnar. Af þessum ástæðum er bezt, að skólastjórar séu jafnframt bústjórar.

Um 3. gr.

Mjög hætt er við, að erfitt verði að halda góða kennara og starfskrafta við skólana, nema starfsmenn þeirra hafi aðstöðu til þess að mynda sjálfstæð heimili í nánd við skólastaðina.

Með þessari grein er því heimilað, að komið verði upp bústöðum og smábýlum fyrir starfsmenn skólanna og fjölskyldur þeirra.

Gert er ráð fyrir, að landstærð býla þessara verði ákveðin af landbúnaðarráðherra í samráði við skólastjóra. Óheppilegt verður að teljast, að þessir menn hafi stóran búrekstur, vegna þess, að það myndi geta dregið úr áhuga og dugnaði þeirra við skólann og skólabúið, þar sem starfskraftar þeirra eiga að notast.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að þrír fastir kennarar verði við skólann og laun þeirra miðuð við þau laun, sem þeir hafa eftir launalögum, auk launahækkunar fyrir lengri starfstíma ár hvert, sem þessi lög gera ráð fyrir.

Auk þessara föstu starfsmanna er gert ráð fyrir fjárveitingu til hvors skóla, er nemi tveim fullum kennaralaunum. Þessu fé ráðstafa skólastjórar, eftir því sem með þarf, til verklegrar og bóklegrar kennslu, að því leyti sem skólastjóri og kennarar geta ekki annazt hana.

Þó ætlazt sé til, að hinir föstu kennarar skólans veiti tilsögn um meðferð og hirðingu alidýra, mun óhjákvæmilegt að hafa sérfróða menn að auki um vissar greinir þessara starfa, svo að fyrirmyndarumhirða verði á öllum alidýrum. Þessir menn verða einnig að geta veitt nemendum tilsögn. Eðlilegast þykir, að skólastjóri ráði menn til þessara starfa með samþykki búnaðarráðuneytisins, því að oft getur verið ástæða til að skipta um menn, t. d. útlenda sérfræðinga, þegar orðin er völ á innlendum hæfum starfsmönnum.

Gengið er út frá, að fastir kennarar skólanna hafi mánaðarfrí frá kennslu ár hvert, og auk þess fjögurra mánaða frí sjötta hvert ár. Þetta ákvæði er sett svo kennararnir hafi tækifæri til þess að ferðast innanlands og utan, endurnýja þannig

þekkingu sína til að fylgjast með og læra þær nýjungar, sem koma fram og þeir geta haft gagn af í starfi sínu.

Um 5. gr.

Hér er ákveðið, að námi skólanna skuli skipt milli tveggja deilda, yngri og eldri deildar. Námsstíminn í yngri deild sé einn vetur, en í eldri deild eitt ár (sumar og vetur).

Í greininni er gert ráð fyrir, að námið í eldri deild sé bæði bóklegt og verklegt. Ætlað er til, að verklega námið fari aðallega fram að sumrinu, nema kennslan í búfjárhirðingu.

Námið í yngri deild verður aðallega bóklegt og veitir nemendum almenna fræðslu, sem gerir þá hæfari til að tileinka sér kennsluna í eldri deild. Þá gerir þessi grein ráð fyrir, að þeir umsækjendur, sem eru þroskaðir og hafa góða undirbúningsmenntun, t. d. héraðsskólanám, fái leyfi til að setjast í eldri deild.

Margir sveitapiltar, sem hafa stundað skólanám einn eða tvo vetur, hafa ekki efni eða ástæður til þess að stunda búnaðarnám meira en eitt ár, og þykir því ekki rétt að útiloka þessa menn frá skólunum. Gert er ráð fyrir, að þessir nemendur þyrji námið að vorinu, sem tryggir það, að þeir fái notið verklegu kennslunnar.

Um 6. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir, að ekki fái yngri piltar en 18 ára inngöngu í skólann. Ef nemendur væru yngri, myndu þeir hafa minna gagn af námi sínu við skólana, því að búfræðinám krefst mikils þroska af nemendum, eigi þeir að hafa þess full not.

Um 7. gr.

Hér er ákveðið í höfuðdráttum, hvað skuli kennt í skólunum.

Starf bóndans er fjölpætt og staða hans í þjóðfélaginu þýðingarmikil og krefur viðtækrar menntunar, bæði bóklegar og verklegar. Eigi bóndinn að vera heilsteypur í starfi sínu og þjóðfélaginu til sóma, þarf hann að nema og þroskast á háðum þessum sviðum. Náminu þarf að hafa þannig, að bóklega og verklega kennslan haldist sem bezt í hendur og stuðli að alhliða þroska og menntun bændaefnanna.

Grein þessi ákveður því, að verklega námið sé aukið mikið frá því, sem verið hefir, og námsstíminn töluvert lengdur. Með því er ætlað til, að nemendur fái tækifæri til að glöggva sig á, taka þátt í og þar með fá nokkra æfingu í öllum bústörfum á heilu starfstímabili búanna.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um verklega námið, þar sem tiltekið verði um lágmarksvinnutíma hvers nemanda við hin einstöku bústörf. Á þetta að tryggja, að vinna nemenda verði ekki misnotuð og hann fái fjölpætta verklega æfingu.

Sjálfsagt þykir, að verklega námið fari fram á skólabúunum sjálfum, að því leyti sem verkefni eru þar fyrir hendi. En vanti verkefni þar, þá heimilar greinin, að einhver hluti verknámsins sé látinn fara fram annarsstaðar, þar sem fullnægjandi skilyrði eru fyrir hendi. Ekki þykir rétt, að með öllu sé útilokað, að nemendur geti fengið leyfi til að vera heima um heyskapartímann, ef þeim er það brýn nauðsyn vegna heimilisástæðna. En ekki er til þess ætlað, að það sé notað, nema slíkar ástæður mæli með. Og rétt þykir, að samþykki ráðherra þurfi fyrir slíkri undanþágu.

Þá þykir rétt, að ákveðið verði nánar í reglugerð, hvaða bóklegar námsgreinar skuli kenna í skólanum, vegna þess að erfitt er að óreyndu að dæma um, hve langan tíma þurfi að nota til verklega námsins í búfjárhirðingu, og búast má við, að draga verði örlítið úr einstöku námsgreinum, sem kenndar hafa verið.

Um 8. gr.

Nemendur, sem ljúka námi, fái í styrk úr ríkissjóði 100 kr. Þar sem gera má ráð fyrir, að haga verði ýmsum störfum nemenda við verklega námið þannig, að búin

hljóti litinn arð af þeirri vinnu, þykir rétt, að ríkið greiði búunum nokkra fjárhæð, er miðuð sé við nemendafjölda.

Um 9. gr.

Prófað skal árlega í þeim námsgreinum, er kenndar eru við skólana. Einnig er ætlað til, að nemendum sé gefið fyrir dugnað og leikni í verklegum störfum. Þá er og ætlað til, að þeir nemendur, er standast prófið, fái að því loknu skirteini, er gefi þeim rétt til að bera nafnið búfræðingur.

Um 10. gr.

Lagt er til, að skólabúin selji nemendum fæði, en hætt verði við það fyrirkomulag, að piltar hafi sameiginlegt mótuneyti. Þar sem piltar nú eiga að fá seinni tvö missirin fæði og þjónustu frá búunum, sýnist ekki ástæða til, að matreiðsla fyrir nemendur skólans fari fram í tvennu lagi. Það hlýtur óhjákvæmilega að verða dýrara, bæði vegna mannahalds, eldsneytis o. fl. Þar sem skólabúin halda búreikninga, ætti að vera auðvelt að sjá, hvað fæðið kostar.

Um 11. gr.

Hér er ákveðið, að landbúnaðarráðuneytið skuli hafa yfirstjórn skólanna á hendi. Þykir það rétt, þar sem skólarnir eru fagskólar fyrir landbúnaðinn.

Um 12. gr.

Heimilað er, að halda megi stutt fræðslunámskeið við skólana fyrir bændur og aðra, sem hafa áhuga á búnaði, einnig námskeið fyrir ýmsa starfsmenn við félög bænda. Þýðing og gildi þessara námskeiða getur verið margþætt; þar koma bændur saman og hlusta á fræðandi fyrirlestra um þau atriði búskaparins, sem þá í það og það skiptið mestu varða. Hér fá þeir einnig tækifæri til að ræða áhugamál sín og læra hver af annara reynslu. Sama er að segja um námskeið fyrir eftirlits- og trúnaðarmenn; við að kynnast og bera ráð sín saman verður meira samræmi í störfum þeirra. Einnig er þeim gagnlegt að endurnýja og auka þekkingu sína, sérstaklega að kynnast öllum nýjungum, sem koma fram. Tekið er fram í þessari grein, að halda megi matreiðslunámskeið fyrir kvenfólk við skólana. Ætlað er til, að aðallega verði kennd matreiðsla garðávaxta og annara innlendra fæðuefna. Kennsla þessi þarf því helzt að fara fram að haustinu.

Búast má við, að þessi starfsemi geti orðið til að auka ræktun matjurta í nágrenni skólanna, því að þekkingarvöntun á matreiðslu, geymslu og notkun garðávaxta stendur útbreiðslu þeirra fyrir þrifum.

Um 13. gr.

Ríkissjóður greiðir allan árlegan kostnað við rekstur skólanna, eins og verið hefir.

En vegna þeirra breytinga, sem lög þessi gera ráð fyrir á starfrækslu skólanna, svo sem lengingar starfstíma kennara ár hvert og aukinnar kennslu við verklega námið, verður hinn árlegi rekstrarkostnaður ca. 10000 krónum meiri nú en áður við hvorn skóla. Einnig má búast við, að ríkissjóður verði að leggja fram nokkurt fé til skólabúanna, til að gera þau fjölbreyttari og betur úr garði, svo að þau fullnægi þeim kröfum, sem verður að gera til kennslubúa.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringar við.